



BLÁSKÓGABYGGÐ

AÐKOMA AÐ ÞJÓÐGARÐI Í LANDI BRÚSASTAÐA OG SVARTAGILS

BREYTING Á DEILISKIPULAGI – GREINARGERÐ OG UMHVERFISSKÝRLSA

8. september 2016

Breytt 20. janúar 2017 og 16. mars 2017.

Um er að ræða fjórðu breytingu á deiliskipulagi sem upphaflega var samþykkt 7. október 1999 og öðlaðist gildi 3. nóvember 1999. Gildandi deiliskipulag var samþykkt 26. júní 2015 og öðlaðist gildi 7. september 2015.

Vegna síaukinnar ásóknar ferðamanna að Hakinu er í vinnslu heildarendurskoðun á stefnumörkun fyrir þjóðgarðinn sem tekur m.a. á þeirri aðstöðu sem þörf er á til að bæta aðstöðu ferðamanna. Breyting á deiliskipulagi er fyrsti hluti af þeirri endurskoðun og er fyrirkomulag bygginga og bílastæða staðsett með framtíðarþróun svæðisins í huga.

Fjöldi ferðamanna á Hakinu árið 2016 var um 1.2 milljónir gesta og gera má ráð fyrir að fjölgun ferðamanna verði í samræmi við fjölgun ferðamanna til landsins. Vegna þessa er síaukin þörf fyrir fleiri salernisbyggingar og bílastæði á Hakinu.

Breyting á deiliskipulagi er sett fram í greinargerð þessari ásamt uppdrætti deiliskipulagsbreytingar, dagsettur 8. september 2016, breytt 20. janúar 2017 og 16. mars 2017.

Þar sem fyrirhugaðar framkvæmdir skv. breytingu á deiliskipulagi ná út fyrir séruppdrátt „Aðkoma að Hakinu“ stækkar það svæði sem uppdrátturinn nær yfir til norðurs og vesturs. Vegna stækkunar svæðisins er þörf á að breyta mælikvarða séruppdráttarins „Aðkoma að Hakinu“ úr 1:500 í 1:1000.

Fyrir utan fyrirhugaðar breytingar sem fjallað er um í greinargerð þessari mun gilda áfram greinargerð deiliskipulags *Aðkoma að þjóðgarði í landi Brúsastaða og Svartagils* ásamt breytingum á deiliskipulaginu sem voru samþykktar 6. maí 2008, 2. maí 2013 og 26. júní 2015.

1 Breyting á deiliskipulagi

Breyting á deiliskipulagi felst í eftirfarandi:

1.1 Stækkun bílastæða og breyting á fyrirkomulagi þeirra

Núverandi fyrirkomulag bílastæða er þannig að stæði fyrir um 10 rútur er vestan við lóð fræðslumiðstöðvar og um 80 bílastæði fyrir almenning eru handan óraskaðs lands vestan rúrustæðanna.



Sú breyting er gerð að ný bílastæði fyrir almenning verða nokkru vestan við núverandi stæði, utan rimlahliðs og hraunhóla sem afmarka núverandi aðkomuhlað. Þar er gert ráð fyrir allt að 285 bílastæðum fyrir almenning, sem byggð yrðu í áföngum.

Í breytingu á deiliskipulagi sem samþykkt var 6. maí 2008 voru m.a. felld burt varabílastæði (tímabundin bílastæði) norðan Kárastaðastígar þar sem núverandi almenningsbílastæðum var komið fyrir. Sú breyting er nú gerð að öll varabílastæði (tímabundin bílastæði) norðan og sunnan Kárastaðastígs falla burt í breytingu á deiliskipulagi.

Núverandi rútustæði flytjast yfir á það svæði sem nú er fyrir almenn bílastæði og gert verður ráð fyrir 10 rútustæðum þar. Það svæði sem nú er rútustæði næst fræðslumiðstöð breytist í aðkomutorg til að skapa rými og næði fyrir þann mikla fjölda ferðamanna sem kemur að Hakinu. Gert er ráð fyrir sleppistæðum fyrir rútur við aðkomutorg og bílastæðum fyrir hreyfihamlaða austan nýrra rútustæða.

Bílastæði verða með föstu vökvaheldu yfirborði, með kantsteinum og niðurföllum sem tengd verða olúskiljum.

Í júlí 2016 var framkvæmd talning á bílum á bílastæðum umhverfis þingstaðinn. Niðurstaðan er sú að 200-250 bílar eru á öllum bílastæðum að jafnaði yfir daginn. Fyrirhuguð bílastæði á Hakinu koma til með að létta á bílastæðum neðan Almannaagjár sem er í samræmi við markmið í stefnumótun Þingvallanefndar fyrir Þingvelli. Fyrirhuguð bílastæði á Hakinu eru einnig sjónrænt úr auglýsingu og trufla ekki upplifun gesta.

1.2 Gönguleiðir- og þjónustuleið

Vegna nýrra bílastæða vestan við núverandi stæði er gert ráð fyrir gönguleiðum frá bílastæðunum að núverandi gönguleiðum við núverandi stæði og byggingar á Hakinu. Gönguleiðir verða bæði meðfram Kárastaðastíg og norðan hraunhóla á milli núverandi og nýrra bílastæða.

Þá er gert ráð fyrir þjónustuleið frá núverandi og fyrirhuguðum bílastæðum til norðurs að stækkaðri fræðslumiðstöð á Hakinu. Leiðin mun liggja norðan við núverandi starfsmannahús og salernisbyggingu, handan hraunhóla og er leiðin því í nokkru hvarfi og lítt sýnilega frá aðkomusvæðum og byggingum á Hakinu. Þörf er á þessari leið til að þjónusta þá starfsemi sem verður í fræðslumiðstöðunni en með henni er komið í veg fyrir að aðföng og annað sem þörf er á vegna starfsemi í fræðslumiðstöð þurfi að flytja í gegnum aðkomusvæði almennings á Hakinu.

1.3 Lóð og byggingarreitur starfsmannahúss (lóð C) stækka til austurs

Lóð starfsmannahúss stækkar úr 462 m² í 730 m² og byggingarreitur lóðarinnar stækkar úr 230 m² í 434 m². Heimilt er að byggja við núverandi starfsmannahús til vesturs og skal viðbygging samræmast núverandi byggingu í útliti, hæð og efnisvali.



Leyfilegt byggingarmagn innan lóðarinnar er 100 m² á einni hæð en verður eftir breytingu 200 m².

Lóðarmörk eru sýnd á skipulagsupprætti og stærð lóðar skráð. Þessar upplýsingar eru til viðmiðunar, en nánar er gerð grein fyrir lóðarmörkum, málsetningu lóða og lóðastærðum á mæliblöðum. Þar sem misræmi er gildir mæliblað.

1.4 Lóðir og byggingarreitir fyrir tvær nýjar salernisbyggingar

Gert er ráð fyrir tveimur nýjum salernisbyggingum við nýju bílastæðin, annarsvegar á 573 m² lóð (D) norðan fyrirhugaðra bílastæða og hinsvegar á 265 m² lóð (E) austan fyrirhugaðra bílastæða.

Útlit salernisbygginga og yfirbragð skal vera í samræmi við núverandi salernisbyggingu (á lóð B) á Hakinu hvað varðar útlit, hæð og efnisval. Gólfhæð bygginga skal fella að fyrirhugum gönguleiðum meðfram bílastæðum þannig að aðgengi verði sem ákjósanlegast fyrir alla, m.a. hreyfihamlaða.

Lóðarmörk eru sýnd á skipulagsupprætti og stærð lóðar skráð. Þessar upplýsingar eru til viðmiðunar, en nánar er gerð grein fyrir lóðarmörkum, málsetningu lóða og lóðastærðum á mæliblöðum. Þar sem misræmi er gildir mæliblað.

1.4.1 Lóð D

Byggingarreitur innan lóðar er 309 m² og leyfilegt byggingarmagn er 150 m². Innan byggingarreits er heimilt að hafa eina, tvær eða þrjár byggingar með salernisaðstöðu ásamt starfsmannaaðstöðu og geymslu.

Ef byggðar verða fleiri en ein bygging innan byggingarreits skulu vera a.m.k. 6 m á milli bygginga. Heimilt er að hafa yfirbyggt skyggni á milli bygginga.

1.4.2 Lóð E

Byggingarreitur innan lóðar er 123 m² og leyfilegt byggingarmagn innan lóðar E er 100 m². Innan byggingarreits er heimilt að hafa eina byggingu með salernisaðstöðu ásamt starfsmannaaðstöðu.

1.5 Vatnsöflun

Vegna fyrirhugaðra salernisbygginga og aukinna umsvifa á Hakinu er þörf á auknu neysluvatni. Gert er ráð fyrir að boruð verði ferskvatnshola um 100 m norðan núverandi fræðslumiðstöðvar, á hraunkolli og því er ekki þörf að borplani umhverfis holuna. Frá holunni verða lagnir meðfram gönguleið og þjónustuleið að fræðslumiðstöð og fyrirhuguðum salernisbyggingum við nýtt bílastæði (lóðir D og E).



Neysluvatnsöflun verður í samræmi við reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001 og gert er ráð fyrir flokkun verndarsvæða umhverfis vatnsbólið í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 m.s.br.

Gert er ráð fyrir að 5 m verndarsvæði eða brunnsvæði umhverfis borholuna ásamt grann- og fjarsvæðum vatnsverndar, en afmörkun þeirra svæða má sjá á uppdrætti deiliskipulagsbreytingar.

Skilmálar verndarsvæða umhverfis vatnsból má sjá hér að neðan og eru þeir í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 m.s.br.

1. flokkur. Brunnsvæði.

Brunnsvæði er næsta nágreppi vatnsbólsins. Það skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd getur, þar sem þörf krefur, krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli.

Væntanleg neysluvatnsborhola mun verða heilfóðruð niður fyrir grunnvatnsborð, sem áætlað er að sé á um 35 m dýpi. Gert er ráð fyrir að hún muni verja sig vel gagnvart mengun frá yfirborði.

Ekki er talin þörf á nema lágmarksstærð brunnsvæðis eða 5 m frá holutoppi.

2. flokkur. Grannsvæði.

Utan við brunnsvæðið skal ákvarða grannsvæði vatnsbólsins og við ákvörðun stærðar þess og lögunar skal taka tillit til jarðvegspekju svæðisins og grunnvatnsstrauma sem stefna að vatnsbólinu. Á þessu svæði skal banna notkun á hættulegum efnum og birgðageymslu slíkra efna. Hér er m.a. átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu. Vegalagnir, áburðarnotkun og önnur starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti.

Grannsvæðismörk liggja frá borholu til norðausturs að barmi Almannagjár og síðan meðfram henni að Öxarárfossi. Þá upp með ánni allt að brú á Þjóðveginum og þaðan niður með Þjóðvegi allt að gönguleið og þaðan að holunni.

3. flokkur. Fjarsvæði.

Fjarsvæði er á vatnasvæði vatnsbólsins en liggur utan þess lands sem telst til I. og II. flokks verndarsvæðanna. Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi á þessu svæði, skal fyllstu varúðar gætt í meðferð efna, sem talin eru upp í II. flokki. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út



frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja.

Fjarsvæði borholunnar tekur yfir allt vatnasvið Öxarár ofan við Öxarárfoss.

1.6 Fráveita

Gert er ráð fyrir að frárennsli frá fyrirhuguðum salernisbyggingum verði leitt í safntanka þar til framtíðarlausn verður fundin fyrir frárennismál á svæðinu. Framtíðarlaus fráveitu verður líklega sú að byggð verður hreinsistöð sunnan aðkomuvegar að Hakinu og verða fráveitulagnir frá byggingum á Hakinu að hreinsistöðinni.

Gert er ráð fyrir um 30 þúsund lítra safntönkum fráveitu við fyrirhugaðrar salernisbyggingar. Safntankar þessir verða tæmdir eftir þörfum en gera má ráð fyrir að það verði u.þ.b tvisvar í viku.

Safntankar og lagnir að og frá þeim skulu vera samkvæmt nýjustu tækni og skal búnaðurinn allur vera mengunarlaus með öllu. Aðgengi að safntönkum skal vera þannig að auðvelt er fyrir ökutæki að komast að til tæmingar og eftirlits.

Ofanvatn frá bílastæðum verður meðhöndlað sérstaklega með það til gerðum lausnum þannig að engin hætta verði á röskun Þingvallavatns. Ofanvatn frá stæðum verður leitt í niðurföll og þaðan í olíuskiljur til að uppfylla kröfur í reglugerð nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns.

Öll fráveitukerfi skulu vera í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skolp ásamt reglugerð nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns.

1.7 Breytingar á gögnum deiliskipulags

20. janúar 2017

Eftirfarandi breytingar voru gerðar á gögnum deiliskipulagsbreytingar eftir auglýsingar- og kynningartíma vegna umsagnar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, dagsett 4. nóvember 2017.

- Bætt er við kröfum um að fyrirhuguð bílastæði verði með föstu vökvaheldu yfirborði, með kantsteinum og niðurföllum sem tengd verða olíuskiljum.
- Felld er burt borhola fyrir neysluvatn sem gert var ráð fyrir norðan fyrirhugaðra bílastæða.
- Skilgreind eru grann- og fjarsvæði vatnsverndar umhverfis fyrirhugaða borholu neysluvatns norðan fræðslumiðstöðvar. Þá er bætt við skilmálum verndarsvæða vatnsbóla umhverfis borholuna.
- Bætt er við upplýsingum um að lagnir verða frá fyrirhugaðri borholu meðfram gönguleið og þjónustuleið að fræðslumiðstöð og fyrirhuguðum salernisbyggingum við nýtt bílastæði.



16. mars 2017

Eftirfarandi breytingar voru gerðar á gögnum deiliskipulagsbreytingar eftir samþykkt hennar í sveitarstjórn 6. febrúar 2017 vegna umsagnar Skipulagsstofnunar, dagsett 1. mars 2017.

- Ekki er lengur gert ráð fyrir varabílastæðum norðan eða sunnan Kárastaðastígar.
- Bætt er við upplýsingum um staðsetningu og stærðir safntanka fráveitu ásamt því að gerð er grein fyrir því hvernig fráveitulausnir verði til framtíðar á skipulagssvæðinu.
- Skýrt er betur frá því og upplýsingar samræmdar að umhverfisáhrif fráveitu á *grunnvatn og verndarsvæði* séu aðeins talin óveruleg en áður var einnig talið að þau gætu verið jákvæð.
- Bætt er við upplýsingum um fjölda ferðamanna og þörf fyrir fjölgun bílastæða.
- Lagfærð er framsetning gagna sem m.a. fellst í tilvísun á milli uppdráttar og greinargerðar.

Samþykktir

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010

var samþykkt í sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann _____

2 Umhverfisskýrsla

2.1 Inngangur

Þær framkvæmdir sem gert er ráð fyrir í breytingu á deiliskipulag falla undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, vegna liðar 12.05 og 13.02 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

12. Ferðalög og tómsundur.

12.05. Þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á hálendi og á verndarsvæðum á láglandi utan þéttbýlis, orlofsþorp, hótél og tengdar framkvæmdir utan þéttbýlis.

13. Breytingar og viðbætur við framkvæmdir.

13.02. Allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir skv. flokki A, aðrar en tilgreindar eru í flokki 13.01, og flokki B sem þegar hafa verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Hakið flokkast sem þjónustumiðstöð í Þjóðgarðinum Þingvöllum.

Megintilgangur þessarar umhverfisskýrslu er að greina frá helstu mögulegum umhverfisáhrifum sem framkvæmd deiliskipulagsbreytingar er líkleg til að hafa á umhverfi og segja til um það hvort þessi áhrif í heild sinni geti orðið veruleg í skilningi laga nr. 105/2006 um mat á umhverfisáhrifum áætlana.

Í 1. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 kemur fram að markmið þeirra sé að stuðla að sjálfbærri þróun, draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og stuðla að því að við gerð framkvæmda- og skipulagsáætlana sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða. Markmið með matsvinnunni er jafnframt að sýna fram á að við gerð breytingar á deiliskipulagi hafi verið litið til helstu afleiðinga fyrir umhverfið.

Matslýsing var unnin í samráði við Skipulagsstofnun. Matsvinna var unnin samhliða deiliskipulagsvinnu.

2.2 Staðhættir

Skipulagsreiturinn nær yfir aðkomusvæði og nánasta umhverfi fræðslumiðstöðvar á Hakinu.

Reiturinn er á samfelldu hraunsvæði "Kerlingahraun" með djúpum sprungum, næst gjárbarminum. Þegar fjær dregur brúninni er yfirborðið samfelldara og grónara, smáhæðótt með grasi, lyng- og kjarrgróðri í lautum og böllum.

2.3 Áherslur og aðferðafræði

Í vinnu við breytingu á deiliskipulagi var farið yfir hvaða þætti væri æskilegt að skoða m.t.t. umhverfisáhrifa, hversu nákvæmlega og hvaða umhverfisþættir og viðmið yrðu lögð til grundvallar við mat á umhverfisáhrifum breytingarinnar.



Umhverfisskýrslan er unnin í samræmi við lög um umhverfismat áætlana 105/2006 sem og leiðbeiningar Skipulagsstofnunar sama efnis.

Stuðst er við þær upplýsingar sem liggja fyrir um grunnástand umhverfis.

Framsetning umhverfismats er í formi texta og venslataflna.

2.4 Kynning og samráð

Samráð er haft við eftirfarandi umsagnaraðila á auglýsingartíma deiliskipulagsbreytingarinnar:

- Skipulagsstofnun
 - Lögbundin umsagnaraðili vegna umhverfismats áætlana.
- Umhverfisstofnun
 - Lögbundinn umsagnaraðili við gerð umhverfismats áætlana. Samráð m.a. vegna skipulags á svæðum sem falla undir lög um náttúruvernd og mengunarmál.
- Þingvallanefnd
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Ekki er talið að deiliskipulagsbreytingin feli í sér framkvæmdir þar sem ástæða sé til að hafa samráð við aðra umsagnaraðila en getið er um hér að ofan.

2.5 Umhverfisþættir

Út frá þeim aðstæðum sem eru á skipulagssvæðinu voru eftirfarandi umhverfisþættir valdir, og verða þeir metnir m.t.t. umhverfisáhrifa:

- Landslag og sjónræn áhrif
- Grunnvatn / verndarsvæði
- Jarðmyndanir og gróður

Aðrir umhverfisþættir eru ekki taldir muni verða fyrir áhrifum innan deiliskipulagssvæðisins.

2.6 Umhverfisviðmið

Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða sem vísir sem notaður er til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem deiliskipulagstillagan hefur í för með sér.

Í deiliskipulagsbreytingu voru eftirfarandi umhverfisviðmið lögð til grundvallar:

- Aðalskipulag Þingvallasveitar 2004-2016
- Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, stefnumörkun 2004-2024
 - Sérstaklega stefna fyrir Hakið

- Skipulagslög nr. 123/2010
- Skipulagsreglugerð nr. 90/2013
- Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006
 - Sérstaklega m.t.t. 10 gr. laganna
- Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br.
- Lög um náttúruvernd nr. 44/1999
- Lög um menningarminjar nr. 80/2012
 - Sérstaklega m.t.t. kafla V og 52 gr. laganna
- Reglugerð nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns
 - Sérstaklega m.t.t. 4, 6, 9 og 15 gr. laganna.

Við greiningu hugsanlegra umhverfisáhrifa er notast við þau hugtök sem skilgreind eru í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi áhrifa. Við matið verður notast við eftirfarandi skilgreiningar á vægi:

- (+) Jákvæð áhrif á umhverfisþátt.
 - Deiliskipulagsbreyting styður viðmið viðkomandi umhverfisþátta.
- (0) Óveruleg áhrif á umhverfisþátt.
 - Deiliskipulagsbreyting hefur ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
- (-) Neikvæð áhrif á umhverfisþátt.
 - Deiliskipulagsbreyting vinnur gegn viðmiðum viðkomandi umhverfisþátta.

2.7 Valkostir

Þeir þættir breytingar á deiliskipulagi sem taldir eru geta haft möguleg umhverfisáhrif eru þessir:

- Ný bílastæði sem staðsett verða vestan við núverandi stæði, utan hliðs og hraunhóla sem afmarka núverandi hlað.
- Tvær nýjar salernisbyggingar við fyrirhuguð bílastæði utan hliðs.

Aðrir þættir deiliskipulagsbreytingarinnar eru ekki taldir hafa verulega umhverfisáhrif.

Borin eru saman möguleg umhverfisáhrif vegna framkvæmdar deiliskipulagsbreytingar við líklega þróun umhverfis án framfylgdar breytingarinnar, núll kost.

Þá er til samanburðar sá valkostur að hafa ný bílastæði sunnan Kárastaðastíg, á þeim stað þar sem bráðabirgðabílastæði voru á þegar 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar var haldið á Þingvöllum árið 1974.



2.7.1 *Ný bílastæði sem staðsett verða vestan við núverandi stæði, utan hliðs og hraunhóla sem afmarka núverandi hlað.*

Landslag og sjónræn áhrif

Bílastæðin eru staðsett á svæði sem er fremur einsleitt, flatt og gróið lyngmóa. Staðsetning er valin til að raska ekki hraunhólum sem eru á svæðunum umhverfis, sér í lagi til austurs á milli þessara fyrirhuguðu stæða og núverandi bílastæða. Vegna þessa eru áhrif á landslag ekki talin veruleg.

Bílastæðin liggja fremur lágt í landi og til minnka sjónræn áhrif er gert ráð fyrir að stæðin verði brotin upp í þrjá fleti og á milli þeirra verða gróðureyjur með kjarri. Þá er gert ráð fyrir hólum eða mönum með kjarrgróðri á milli bílastæða og aðkomuvegar til að draga úr sjónrænum áhrifum. Vegna þessa eru sjónræn áhrif bílastæðanna talin óveruleg.

Grunnvatn/verndarsvæði

Talið er að áhrif á grunnvatn og verndarsvæði séu óveruleg þar sem frárennsli frá bílastæðum verður leitt í olúskiljur.

Öll frárennismál eru í samræmi við viðeigandi reglugerðir og mun frárennsli ekki hafa mengun í för með sér.

Jarðmyndanir og gróður

Bílastæðin eru staðsett á svæði sem er fremur einsleitt, flatt og gróið lyngmóa. Staðsetning er valin til að raska ekki hraunhólum sem eru á svæðunum umhverfis, sér í lagi til austurs á milli þessara fyrirhuguðu stæða og núverandi bílastæða. Vegna þessa eru áhrif á jarðmyndanir ekki talin veruleg.

Svæðið sem bílastæðið fer undir er gróið lyngmóa og því verður gróður fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Ekki er talið að þessi áhrif verði veruleg þar sem um er að ræða fremur lítið svæði sem er af sama meiði og víðáttumikil svæði umhverfis sem eru gróin lyngmóa. Þá er ekki um að ræða mjög sérstæðan gróður eða gróður sem er frábrugðinn því sem er í næsta nágrenni.

2.7.2 *Önnur áhrif*

Gera ráð fyrir að að jákvæð áhrif verði vegna uppbyggingar bílastæða þar sem verið er að skapa betri aðstöðu og þjónustu við fyrir þann mikla fjölda ferðamanna sem sækir Hakið heim.

2.7.3 *Tvær nýjar salernisbyggingar við fyrirhuguð bílastæðin utan hliðs.*

Landslag og sjónræn áhrif

Fyrirhugaðar salernisbyggingar eru staðsettar á svæðum umhverfis bílastæðin sem eru fremur einsleit, flöt og gróin lyngmóa. Fyrirhugaðar salernisbyggingar eru á einni hæð, nokkuð lágt í landi og þeir skilmálar settir að útlit þeirra verði í samræmi við núverandi byggingar á Hakinu.



Vegna þessa er ekki talið að fyrirhugaðar salernisbyggingar hafi veruleg sjónáhrif eða áhrif á landslag.

Grunnvatn/verndarsvæði

Ekki er talið að áhrif á grunnvatn og verndarsvæði séu veruleg þar sem frárennsli frá fyrirhuguðum salernisbyggingum verður leitt í safntanka sem verða losaðir eftir þörfum þar til framtíðarlausn verður fundin fyrir frárennismál á svæðinu. Öll frárennismál eru í samræmi við viðeigandi reglugerðir og mun frárennsli ekki hafa mengun í för með sér.

Jarðmyndanir og gróður

Þar sem fyrirhugaðar byggingar er staðsettar á nokkuð flötu svæði þar sem ekki verður röskun á jarðmyndunum eru áhrif á jarðmyndanir talin óveruleg.

Svæðið sem fer undir fyrirhugaðar byggingar er gróið lyngmóa og því verður gróður fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Ekki er talið að þessi áhrif verði verulega þar sem um er að ræða mjög lítil svæði sem eru af sama meiði og víðáttumikil svæði umhverfis sem eru gróin lyngmóa. Þá er ekki um að ræða mjög sérstæðan gróður eða gróður sem er frábrugðinn því sem er í næsta nágrenni.

2.7.4 Önnur áhrif

Gera ráð fyrir að að jákvæð áhrif verði vegna uppbyggingar salernisbygginga þar sem verið er að skapa betri aðstöðu og þjónustu við fyrir þann mikla fjölda ferðamanna sem sækir Hakið heim.

2.7.5 Bílastæði sunnan Kárastaðastígs

Þá er til samanburðar sá valkostur að hafa ný bílastæði sunnan Kárastaðastíg, á þeim stað þar sem bráðabirgða bílastæði voru á þegar 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar var haldið á Þingvöllum árið 1974.

Landslag og sjónræn áhrif

Bílastæðin eru staðsett á svæði sem er flatt, gróið lyngmóa að hluta en mikið til raskað vegna þeirra bílastæða sem voru þar útbúin árið 1974. Áhrif á landslag eru talin óveruleg en aftur á móti eru sjónræn áhrif talin veruleg. Ástæða þess er sú að bílastæðin eru staðsett sunnan Kárastaðastígar og Þingvallavatns og því í sjónlínu þegar horft er yfir Þingvallavatn þegar ekið er niður Kárastaðastíg.

Grunnvatn/verndarsvæði

Talið er að áhrif á grunnvatn og verndarsvæði séu óveruleg þar sem frárennsli frá bílastæðum verður leitt í olúskiljur.

Öll frárennismál eru í samræmi við viðeigandi reglugerðir og mun frárennsli ekki hafa mengun í för með sér.



Jarðmyndanir og gróður

Bílastæðin eru staðsett á svæði sem er flatt, gróið lyngmóa að hluta en mikið til raskað vegna þeirra bílastæða sem voru þar útbúin árið 1974. Svæðið er þegar raskað og vegna þess eru áhrif á jarðmyndanir ekki talin veruleg.

Svæðið sem bílastæðið fer undir er gróið lyngmóa að hluta og því verður gróður fyrir einhverjum áhrifum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Ekki er talið að þessi áhrif verði veruleg þar sem um er að ræða fremur lítið svæði sem er af sama meiði og víðáttumikil svæði umhverfis sem eru gróin lyngmóa. Þá er ekki um að ræða mjög sérstæðan gróður eða gróður sem er frábrugðinn því sem er í næsta nágrenni.

2.7.6 Önnur áhrif

Þar sem bílastæðin eru staðsett sunnan Kárastaðastígs en fræðslumiðstöð og önnur þjónusta að mestu norðan vegarins má gera ráð fyrir að áhrif á umferðaröryggi verði neikvæð. Gera má ráð fyrir að nokkur hluti gangandi vegfarenda þveri veginn til að komast að þeirri þjónustu sem er handan vegarins því göngutengingar frá bílastæðum verða lengri og flókani í útfærslu.

Einnig má gera ráð fyrir að að jákvæð áhrif verði vegna uppbyggingar bílastæða þar sem verið er að skapa betri aðstöðu og þjónustu við fyrir þann mikla fjölda ferðamanna sem sækir Hakið heim.

2.7.7 Núll kostur, núverandi ástand

Áhrif núverandi ástands á alla umhverfisþætti eru talin óveruleg en gera má ráð fyrir að áhrif á ferðaþjónustu verði neikvæð þar sem þörf er á bættri aðstöðu á Hakinu fyrir þann stóruakna fjölda ferðamanna sem sækir Þingvelli heim á hverju ári.

2.8 Vöktun

Árið 2007 hófst vöktunarverkefni á lífríki og vatnsgæðum Þingvallavatns á vegum Umhverfisstofnunar, Landsvirkjunar, Orkuveitu Reykjavíkur og Þjóðgarðsins á Þingvöllum. Vöktunin mun veita mikilvægar upplýsingar um grunnþætti í lífríki vatnsins sem er nauðsynlegur þáttur í verndun þess. Markmið vöktunarinnar er að beita samfelldum langtíma mælingum svo unnt verði að kortleggja hugsanlegar breytingar á lífríki vatnsins vegna meintra álagsþátta s.s. nýtingar vatns, frárennslis, vatnsmiðlunar eða vegagerðar.

Helsti kostur samstarfs ofangreindra aðila um vöktun á lífríki Þingvallavatns er að betur verður fylgst með lykilorðum lífríkis vatnsins og þannig fæst betri heildaryfirsýn yfir stöðu þess á hverjum tíma.

Vöktunarverkefni þetta verður áfram virkt og brugðist verður við ef niðurstöður mælinga sýna að áhrif framkvæmda hafa neikvæð áhrif á lífríki og vatnsgæði Þingvallavatns.

2.9 Tengsl við aðrar áætlanir

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi er í samræmi við gildandi aðalskipulag sveitarfélagsins og fellur að þeim markmiðum sem sett eru fram í aðalskipulaginu og eru talin upp í kafla 2.3.

Þá er breytingin í samræmi við *Reglugerð um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns nr. 650/2006* og fellur að þeim markmiðum og reglum sem þar eru sett fram.

2.10 Samantekt og niðurstaða

Niðurstaða þessarar umhverfisskýrslu er sú að breytingin muni hafa í för með sér óveruleg áhrif á flesta umhverfisþætti og þar með óveruleg áhrif á umhverfið.

Talið er að jákvæð áhrif verði vegna uppbyggingar bílastæða og salernisbygginga þar sem verið er að skapa betri aðstöðu og þjónustu við fyrir þann mikla fjölda ferðamanna sem sækir Hakið heim.

Áhrif þess að hafa bílastæði sunnan Kárastaðastígs eru talin hafa neikvæð sjónræn áhrif. Þá er sú staðsetning talin hafa neikvæð áhrif á umferðaröryggi þar sem önnur þjónusta er handan vegarins og því hættu á að gangandi vegfarendur þveri veginn í einhverju mæli.

Áhrif núverandi ástands á alla umhverfisþætti eru talin óveruleg en gera má ráð fyrir að áhrif á ferðaþjónustu verði neikvæð þar sem þörf er á bættri aðstöðu á Hakinu fyrir þann stóruakna fjölda ferðamanna sem sækir Þingvelli heim á hverju ári.

Samantekt um umhverfisáhrif má sjá í töflu hér að neðan.

<i>Umhverfisþættir</i>	<i>Landslag og sjónræn áhrif</i>	<i>Grunnvatn / verndarsvæði</i>	<i>Jarðmyndanir og gróður</i>	<i>Önnur áhrif</i>
<i>Ný bílastæði</i>	0	0	0	0 / +
<i>Nýjar salernisbyggingar</i>	0	0	0	0 / +
<i>Bílastæði sunnan vegar</i>	0 / -	0	0	0 / -
<i>Núll kostur, núverandi ástand</i>	0	0	0	0 / -